

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 25/2011****2011/EES/37/19****frá 1. apríl 2011****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2010 frá 1. október 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1201/2009 frá 30. nóvember 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 um manntal og húsnæðistal að því er varðar tækniforskriftir málefna og sundurliðun þeirra <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18ya (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 519/2010) í XXI. viðauka við samninginn:

„18yb. **32009 R 1201**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1201/2009 frá 30. nóvember 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 um manntal og húsnæðistal að því er varðar tækniforskriftir málefna og sundurliðun þeirra (Stjttíð. ESB L 329, 15.12.2009, bls. 29).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1201/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 62, og EES-viðbætur við Stjttíð. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 22.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 329, 15.12.2009, bls. 29.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.